

MICROSOFT AUTHENTICATOR

Af hverju þarf ég Authenticator appið?


Ef starfsmaður vill hafa aðgang að Office 365 kerfinu (Word, Excel, Teams, Outlook, OneDrive o.s.frv) í símanum þarf hann að sækja appið **Intune Company Portal**

Vilji starfsmaður komast í Office 365 kerfin (Word, Excel, Teams, Outlook, OneDrive o.s.frv) utan netveggja spítalans (þar sem starfsmaður er tengdur interneti LSH) þarf hann að auðkenna sig í síma. Það er gert með appi sem heitir **Microsoft Authenticator**


Hvernig sæki ég Authenticator appið?

Android


1. Farðu í Play Store og leitaðu að **Microsoft Authenticator**. Smelltu á **Setja upp** og svo **Opna**




2. Smelltu á **Accept**, og svo **Continue**, og næst velur þú **Add work or school account**.




Þá ætti skjárinn að líta svona út:





3. Nú þarf að virkja aðganginn í tölvu. Opnaðu vafra á tölvunni þinni og farðu á síðuna **myprofile.microsoft.com**
4. Ef þarf, skráðu þig inn á reikninginn þinn með Landspítala notendanafni og leyriorði
5. Smelltu á **Öryggisupplýsingar** (Security info) til vinstri í valmyndinni




6. Smelltu á + Add sign-in method




7. Veldu Microsoft Authenticator og smelltu svo á Next



8. Smelltu aftur á **Next** og þá birtist glugginn **Scan the QR code**. Ekki skanna strax.






9. Nú þarftu að opna **Authenticator** appið í símanum þínum. Smelltu á **Scan a QR code**. Þú gætir verið beðin(n) um að setja inn PIN númerið sem þú notar til að komast inn í símann. Smelltu á **Meðan verið er að nota forritið EÐA Aðeins í þetta skipti** þegar appið biður um leyfi til að taka myndir og myndskleið.



10. Notaðu símann til að skanna QR kóðann á tölvuskjánum. Reikningi þínum verður bætt sjálfkrafa við appið í símanum.

11. Þegar búið er að skanna QR kóðann þarf að smella á **Next** á tölvuskjánum. Þá birtast tölustafir á tölvuskjánum. Þessa tölu þarft þú að slá inn í appið í símanum (fyrst gætir þú þurft að smella á **OK** við App Lock enabled) og svo smella á **YES**.



12. Nú ætti að birtast gluggi í tölvunni þar sem stendur **Notification approved**.
Smelltu á **Next**.


Microsoft Authenticator



✓ Notification approved

Next

13. Núna ætti síminn að líta svona út (fyrst gætir þú þurft að slá inn PIN númer fyrir símann):



14. Núna ætti tölvuskjárin að líta svona út:

